

22. nóv. 2004, 3. árg.

Sendiráð Íslands í Tókýó:**Tvöfalt fleiri ferðamenn frá Japan**

Fjöldi ferðamanna frá Japan til Íslands hefur tvöfaldast frá árinu 2001, en sendiráð Íslands var opnað í Tókýó þann 25. október það ár. Frá áramótum hafa um 6.038 ferðamenn komið til Íslands frá Japan, en allan áratuginn frá 1990 til 2000 var ferðamannastraumur frá Japan nokkuð stöðugur eða um 2.500 ferðamenn á ári. Á milli áruna 2003 og 2004 jókst ferðamannastraumur frá Japan um 51%. Þessi mikla aukning á sér stað þrátt fyrir að dregið hafi mikið úr utanlandsferðum Japana eftir atburðina 11. september 2001. Áætla má að aukinn fjöldi ferðamanna frá Japan milli 2003 og 2004 skili þjóðarþúinu um 500 milljónum króna í viðbótarveltu.

Uppskeyra af markaðsstarfi

„Við erum að uppskeyra það sem sáð var með margskonar kynningum og samstarfsverkefnum,“ segir Ingimundur Sigfússon sem var sendiherra Íslands í Japan frá opnun sendiráðsins þar til Þórður Ægir Óskarsson tók við af honum í ágúst. „Opnun sendiráðs Íslands í Tókýó og sendiráðs Japans í Reykjavík hefur meðal annars skilað sér í auknum samskiptum og aukinni þekkingu og áhuga á samstarfi á milli ríkjanna. Eitt af höfuðmarkmiðunum með stofnun sendiráðs í Tókýó var að efla ferðamannastraum til Íslands og við höfum unnið markvisst að því í mjög góðu og ánægjulegu samstarfi við Flugleiðir og ferðaskrifstofur. Húsnæði sendiráðsins hentar mjög vel fyrir landkynningar.“

Ingimundur segir að Flugleiðir hafi verið mjög drifandi í sínu markaðsstarfi í Japan. „Fyrsta beina flugið milli Japans og Íslands var farið árið 2003, en á því ári voru þrjú bein flug á milli landanna. Á þessu ári verður flogið beint fjórum sinnum og takmarkið er bein flug verði átta á næsta ári.“

	2003	2004	Aukning	%
Bandaríkin	40.582	44.347	3.765	9,3%
Bretland	47.296	54.683	7.387	15,6%
Danmörk	22.046	30.142	8.096	36,7%
Finnland	6.547	6.880	333	5,1%
Frakkland	19.562	20.481	919	4,7%
Holland	10.000	10.456	456	4,6%
Ítalía	8.561	9.075	514	6,0%
Japan	3.992	6.038	2.046	51,3%
Kanada	2.340	2.958	618	26,4%
Noregur	21.819	24.698	2.879	13,2%
Spánn	4.942	5.492	550	11,1%
Sviss	6.003	6.881	878	14,6%
Svíþjóð	22.499	24.577	2.078	9,2%
Þýskaland	35.520	37.129	1.609	4,5%
Annað þjóðerni	30.784	38.806	8.022	26,1%
Samtals	282.493	322.643	40.150	14,2%

Tafla: Ferðamenn til Íslands frá áramótum. Heimild: Ferðamálaráð.

Vinsælir ferðamenn

Almennt taka Japanir stutt frí og vilja upplifa mikið og njóta þæginda á ferðalögum. Norðmenn áætla að hver ferðamaður frá Japan verji sem samsvarar um 50.000 íslenskum krónum á dag að meðaltali á ferðalagi um Noreg. Engin ástæða er til að ætla annað en upphæðin sé svipuð fyrir japanska ferðalanga á Íslandi. Það sem af er þessu ári hefur fjöldi ferðamanna frá Japan aukist um helming frá síðasta ári. Ef miðað er við að hver ferðamaður dvelji á Íslandi í fimm daga má áætla að viðbótaskjör vegna komu þeirra nemi um 500 milljónum króna. „Japanir eru ekki aðeins vinsælir ferðamenn vegna þess að þeir kaupa mikla þjónustu heldur einnig vegna þess að þeir hafa einlægan áhuga á landi og þjóð og þeir ferðast töluvert utan hefðbundins ferðamannatíma“, segir Ingimundur. Japanir eru til að mynda heillaðir af norðurljósunum okkar og því eru tækifæri til að auka enn frekar nýtingu á gistirýmum á veturna með því að fjölga japönskum ferðamönnum“.

Eins og áður segir tók Þórður Ægir Óskarsson við sendiherrastöðunni í ágúst. Í sendiráðinu starfa einnig Benedikt Höskuldsson, sem er viðskiptalífni af góðu kunnur, m.a. sem fyrrum forstöðumaður Viðskiptaþjónustu utanríkisráðuneytisins, Dagný Hulda Einarsdóttir, Aikio Hasagawa og Maki Onjo, sem er sérstakur viðskiptafulltrúi í sendiráðinu.

